

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði.

Frístundabyggðin Nátthagi og Kirkjubólsvöllur.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 12. mars 2003 samþykkt deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði, þar sem um er að ræða frístundabyggðina Nátthaga og Kirkjubólsvöll (golfvöll).

Breytingin felur í sér að Kirkjubólsvöllur stækkar, komið er fyrir frístundabyggð með lóðum undir 18 frístundahús og aðstaða ætluð fyrir tjöld og tjaldvagna með tilheyrandi leik- og útivistarsvæðum. Á svæðinu er þjónustubygging.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 28. apríl 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknaeild.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknaeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknaeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu læknaeildar.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Ákvörðun um takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði mun liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2003 og verður birt sérstaklega.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 12.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

4. gr.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 22.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 60.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 15.

Fjöldi nýrra nemenda í M.A.-námi í uppeldis- og menntunarfræði takmarkast við töluna 30.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. maí 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2003-2004.

Háskóla Íslands, 31. mars 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

REGLUR**um breytingu (15) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. reglnanna:

1. Orðin „svo og til diplomaprófs, sbr. 6. mgr.“ í 1. mgr. 91. gr. falla brott.
2. 3. másl. 2. mgr. 91. gr. fellur brott.
3. 6. mgr. 91. gr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

1. Fyrirsögn 92. gr. breytist og verður: B.A.-nám í lögfræði.